



Reykjavík, 9. október 2020  
PON2010007

## Umsögn

**Viðtakandi:** Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið

**Sendandi:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs, Reykjavíkurborg

---

### *Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun*

Lögð hafa verið fram drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun nr. 202/2020. Drögin liggja til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda 28.09.2020–09.10.2020 en þar gefst hagaðilum kostur á því að koma ábendingum sínum á framfæri.

### *Greinargerð:*

Frumvarp til laga nr. 2020/2020 um opinberan stuðning við nýsköpun felur í sér viðamiklar breytingar á opinberum stuðningi við nýsköpun í landinu. Í frumvarpinu segir að leitast sé við að forgangsraða verkefnum, draga úr yfirbyggingu og auka sveigjanleika. Af frumvarpinu leiðir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður lögð niður sem sérstök ríkisstofnun og flestum verkefnum hennar fundið annað heimili.

Reykjavíkurborg fagnar markmiði frumvarpsins um að efla opinberan stuðning við nýsköpun í landinu með m.a. sveigjanlegu stuðningskerfi, skýrri ábyrgð, einfaldara verklagi, samþættingu á þjónustu, minni yfirbyggingu og tæknilegri aðstöðu í sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila.

Snúa athugasemdir Reykjavíkurborgar einkum að eftirfarandi þáttum: samfélagslegri nýsköpun, vistkerfi nýsköpunar, og að lokum samtali ríkis og borgar um samfellu í nýsköpunarumhverfinu og alþjóðlegu samkeppnishæfi lands og höfuðborgar.

### *Samfélagsleg nýsköpun*

Nýsköpun er ekki aðeins grundvöllur efnahagslegrar velgengni heldur lykillinn að úrlausn stærstu viðfangsefna komandi áratuga. Í greinargerð með drögum er dregið sérstaklega fram að nýsköpun komi við sögu á öllum sviðum samfélagsins og að hún sé mikilvægur þáttur í bæði verðmætasköpun og samfélagslegri velferð þjóðarinnar.

Líkt og komið er inn á í greinargerð með frumvarpinu, hafa einkaaðilar í auknum mæli látið til sín taka í stuðningskerfi nýsköpunar með stuðningi við vísindafólk, frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki, er það vel. Á sama tíma og eðlilegt er að hið opinbera sé ekki í samkeppni á markað er mikilvægt að ríkið, borg og önnur sveitarfélög séu virkur hluti af nýsköpunarsamfélaginu og stýri þátttöku sinni sérstaklega í átt að nýsköpunarfjárfestingum með þátttöku í verkefnum þar sem markaðsbrestir eru til staðar.

Síðustu misseri hafa leitt í ljós umfangsmiklar og flóknar samfélagslega áskoranir á sviði loftslags-, mennta- og velferðarmála og uppbyggingu framtíðarinnviða. Má hér nefna hátt kolefnisfótspor þjóðarinnar, hækkandi aldursamsetningu hennar, umdeilanlegan árangur grunnskólabarna í PISA könnunum og hátt brottfall ungmenna úr framhaldsskólum landsins. Þessar áskoranir eru ekki einkamál ríkis eða borgar/sveitarfélaga. Þessar áskoranir eru þess eðlis að þær verða aðeins leystar í öflugum samstarfi ríkis, borgar, annarra sveitarfélaga, háskóla- og nýsköpunarsamfélagsins. Þar sem lausnir við áskorunum eru þróaðar, prófaðar og skalaðar upp á framkvæmda- og vaxtastig í samstarfi þessara aðila.

Við tökum heilshugar undir orð Guðmundar Hafsteinssonar, formanns stýrihóps um nýsköpunarstefnu Íslands, sem felast í tækifærinu um tilraunalandið Ísland. Nú þegar hefur Reykjavíkurborg hafið uppbyggingu á tilraunasvæðum í borgarlandinu m.a. í Vatnsmýrinni sem geta nýst til tilrauna í raunaðstæðum á nýjum innviðum. Kostir Íslands eru margir sem vert er að byggja á til frekari afreka; við erum í fyrsta sæti í heiminum þegar litið er til aðgengis að háhraða nettengingum, státum af grænum innviðum, stuttu ákvarðanaferli og allskonar veðurfari sem eru kjörlendi fyrir tilraunasamfélagið sem við getum byggt ofan á.

Áriðandi er að stjórnvöld beiti sér með markvissum hætti á þessu sviði og hafi áhrif á þróun nýsköpunar í tengslum við samfélagslegar áskoranir í gegnum samkeppnissjóði sína eða aðrar sambærilegar gagnsæjar og faglegar aðgerðir. Slíkur stuðningur er mikilvægastur á fyrstu stigum rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar og á seinni stigum með þolinmóðu fjármagni, þar sem markmið samfélagslegra áskorana eru frekar tengd þjóðfélagslegum ábata til lengri framtíðar, frekar en fjárhagslegum ávinningi til einstakra fyrirtækja.

### *Vistkerfi nýsköpunar*

Mikil gróska hefur átt sér stað almennt í nýsköpunarumhverfinu, meðal annars á frumstigi í formi hakaþona/lausnamóta, nýsköpunarkeppna, stafrænna smiðja, hraðla, nýsköpunarmóta, námskeiða í stofnun fyrirtækja og fræðslu. Á það sama einnig við um uppbyggingu sérhæfðra klasa og frumkvöðlasetra sem fjölmargir eru staðsettir í Reykjavík.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur verið ötull bakhjarl fjölmargra verkefna á þessum vettvangi og í samstarfi við Reykjavíkurborg hafa ýmis mikilvæg verkefni orðið til og dafnað svo sem samfélagshraðallinn Snjallræði, nýsköpunarmót sem tengja saman lausnir frumkvöðla og þarfir opinbera stofnana, og nú síðast lausnamótið Hack the Crisis. Á þetta einnig við um þá aðstöðu fyrir frumkvöðla sem Reykjavíkurborg og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafið komið að í sameiningu undanfarin ár, samanber Setur skapandi greina á Hlemmi.

Sá kafli sem síst hefur verið útfærður í drögum að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun og hjálagðri greinargerð varðar það hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem snýr að stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Reykjavíkurborg hefur á undanförunum misserum fundið fyrir auknum þunga fyrirspurna frá aðilum sem sinna ofangreindum eða öðrum sambærilegum verkefnum. Snúa fyrirspurnirnar í síauknu mæli að fjárhagslegum stuðningi borgarinnar við nýsköpunarverkefni, og rekstur óhagnaðardrífina nýsköpunarfélaga, klasa og frumkvöðlasetra. Fjöldi og þungi fyrirspurna hefur aukist enn frekar eftir að kunnigert var að Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands yrði lagt niður. Er það að okkar mati sterk vísbinding um að töluverð óvissa ríki, taka þurfi þennan þátt fastari tókum og skoða ofan í kjölinn hvernig þessari þjónustu og tengdum kostnaði verði mætt eða honum komið fyrir.

### *Alþjóðlegt samkeppnishæfi*

Reykjavíkurborg hefur á síðastliðnum áratug unnið markvisst að því að byggja upp kraftmikla athafna- og nýsköpunarborg með útgáfu atvinnustefnu og aðgerðaáætlun henni tengdri sem fylgt hefur verið eftir. Unnið er í dag að smíði nýsköpunarstefnu Reykjavíkur þar sem hlutverk borgarinnar í nýsköpunarumhverfinu verður skilgreint enn frekar og nýjar aðgerðir listaðar upp.

Í drögum að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun er rík áhersla lögð á að styrkja stöðir landsbyggðarinnar með auknu fé til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar í gegnum verkefnasjóð í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga og sóknaráætlanir landshlutanna. Engum dylst að hér er um mikilvægt byggðaverkefni að ræða. Reykjavíkurborg leggur á sama tíma áherslu á að samstarf ríkis og borgar verði einnig eflt og að það sé sett í orð og aðgerðir.

Nýlega skilgreind framtíðarsýn um Nýsköpunarlandið Ísland byggir meðal annars á því að Ísland sé eftirsóknarverður staður fyrir stofnun og starfsemi nýsköpunar- og þekkingarfyrirtækja þegar kemur að almennu lagaumhverfi, aðgengi að hæfu starfsfólki, lífsgæðum og tæknilegum innviðum. Mikilvægt að viðurkenna að alþjóðlegt samkeppnishæfi Íslands og aðdráttarafl á vettvangi nýsköpunar er samofið uppbyggingu á öflugri höfuðborg sem býður upp á eftirsóknarvert umhverfi fyrir frumkvöðla og fjölskyldur þeirra, fyrirtæki og fjárfestingar.

Er það vilji borgarinnar að skoða í samtali við ríkið með heilðrænum hætti aðkomu hins opinbera og leita tækifæra í samvinnu beggja aðila. Samtalið og samstarf milli ríkis og borgar, þessara tveggja stóru opinberu drifkrafta verður að vera öflugt og þétt þegar kemur að þessum málaflokki, svo markmið beggja um Nýsköpunarlandið Ísland / Nýsköpunarborgina Reykjavík, náist.

Virðingarfyllt,  
Óskar J. Sandholt